



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi, 22. desember 2021

Efni: Yfirfærsla vega frá ríki til sveitarfélaga

Að gefnu tilefni vilja SSH vekja athygli á eftirfarandi.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í vegalögum nr. 80/2007 er Vegagerðinni heimilt að semja við sveitarfélög um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laganna, en heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2021. Upphaflega var miðað við árslok 2019, en sá frestur hefur tvívegis verið framlengdur.

Þrátt fyrir að umrædd heimild renni út á næstu dögum líta SSH svo á að forsenda yfirfærslunnar sé sú að samningar náist milli aðila en ekki hefur verið samið um með hvaða hætti rekstrarfé fylgi umræddum vegum.

Í umsögn SSH um frumvarp til fjárlaga 2022 kom m.a. eftirfarandi fram:

„Hvað ástand veganna varðar er það afstaða SSH að sveitarfélögum beri ekki að taka við skilavegum nema tryggt sé að þeim verði komið í viðunandi ástand áður eða fyrir liggi samkomulag um að sveitarfélag annist um að koma vegi í slíkt ástand, enda komi til fjárframlag frá Vegagerðinni til að standa straum af kostnaði við verkið, en samkvæmt samningum Vegagerðarinnar og sveitarfélaga skal vegunum skilað í „viðunandi“ ástandi og liggur fyrir skýrsla vinnuhóps þar að lútandi. Nokkuð skortir enn á að þeir vegir sem teljast til skilavega séu í „viðunandi“ ástandi. Nánari samningsviðræður varðandi þetta standa nú yfir en mikilvægt er að fjármagn til að koma vegum í „viðunandi“ ástand samkvæmt fyrirbyggjandi ástandsmati verði tryggt.

Hins vegar hefur ekki verið samið um rekstrarkostnað vegna umræddra vega. Í almennum athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 14/2015, segir m.a., í 6. kafla um mat á áhrifum frumvarpsins: „Varðandi heimild til samningagerðar fyrir Vegagerðina, vegna yfirfærslu vega til sveitarfélaga, er ekki gert ráð fyrir að í yfirfærslunni felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa ekki tekið við þessum vegum, þrátt fyrir lagabreytinguna 2008, og hefur því kostnaður við veghald verið alfarið hjá Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir að það



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

fjármagn sem nú er á hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds þessara vega færist yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslunni á grundvelli samninga.

Er því ljóst að vilji og ætlan löggjafans stóð ekki til þess að sveitarfélögin bæru aukinn kostnað af völdum yfirfærslu vega frá ríki til sveitarfélaga.

Nú liggur fyrir nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar Alþingis, dags. 20. desember 2021, um frumvarp til fjárlaga. Segir þar um yfirfærslu vega frá ríki til sveitarfélaga:

“Samningar Vegagerðarinnar og sveitarfélaga um skilavegi.

Skilavegir eru vegir sem Vegagerðinni var gert heimilt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í vegalögum, nr. 80/2007, að semja um við sveitarfélög að flytja úr flokki stofnvega yfir til sveitarfélaganna með samningi. Áttu viðkomandi samningar upphaflega að taka gildi fyrir árslok 2019 en vegna samningsleysis var heimildin framlengd til ársloka 2021.

Samkomulag þarf að nást um þrjú atriði.

- 1. Hvaða vegir munu falla undir samkomulagið.*
- 2. Ástand veganna þegar umráðaskipti eiga sér stað.*
- 3. Hvaða aðili sér um veghald veganna.*

Eftir atvikum getur komið til þess að millifæra þurfi fjármagn til veghalds frá Vegagerðinni til viðkomandi sveitarfélags. Í erindum til fjárlaganefndar kom fram að samningar séu langt komnir um ástand veganna og að tryggja þurfi að fjármagn sé til staðar til að koma þeim í viðunandi ástand en óleyst og órætt sé um veghaldið. Meiri hluti fjárlaganefndar beinir því til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að leysa úr þessum málum svo að vegir sem falla undir það að vera skilavegir verði þjónustaðir frá og með 1. janúar nk.

Afstaða SSH er skýr varðandi það að flutningurinn eigi ekki að hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað fyrir sveitarfélögin heldur skuli það fjármagn sem ríkið hefur hingað til úthlutað Vegagerðinni til viðhalds og þjónustu framvegis verða greitt sveitarfélögunum. Af tilvitnuðu nefndaráliti fjárlaganefndar má þá ráða að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sé ætlað að leysa úr þessum málum þannig að öruggt sé að fjármagn vegna þjónustu umræddra vega frá og með komandi áramótum sé tryggt.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH

Afrit sent:

Þingmönnum höfuðborgarsvæðisins.

Fjármála- og efnahagsráðherra.

Formanni fjárlaganefndar.

Vegamálastjóra.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytisstjóra Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.